



Alþingi

Erindi nr. Þ 117 / 295

komudagur 8 / 12 1993

Nefndadeild skrifstofu Alþingis,
 Ágústa H. Lárusdóttir, deildarfulltrúi,
 Þórshamri, Templarasundi,
 150 Reykjavík.

Reykjavík, 8. desember 1993.

ÍSLENSK VERSLUN það er BÍlgreinasambandið, Félag íslenskra stórkaupmanna og Kaupmannasamtök Íslands hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á skattamálum:

1. Breytingar á lögum um tekju- og eignaskatt. Samtökin telja ekki ástæðu til þess að gera athugasemdir við þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á lögum um tekju- og eignaskatt.

2. Virðisaukaskattur. Frá því að stjórnvöld mörkuðu þá stefnu að Ísland yrði aðili að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði hefur það verið skoðun samtakanna að stefna bæri að því að samræma skatta fyrirtækja hér á landi því sem gerist í samkeppnislöndum okkar. Því er það skoðun samtakanna að stefna beri að tveggja þrepa virðisaukaskatti til samræmis við stefnu Evrópubandalagsins þar sem lægra þrepíð (a.m.k. 5%) leggðist á nauðsynjavörur og vörur sem hafa menningarlegum þýðingu t.d. matvöru, lyf, bækur, blöð, leikhús og kvikmyndahús en hærra þrepíð (a.m.k. 15%) væri hið almenna skattþrep. Þessu til viðbótar væri eðlilegt að breikka núverandi gjaldstofn þannig að virðisaukaskattur yrði sem næst undanþágulaus. Má nefna að enn eru stórar atvinnugreinar að öllu undandregnar virðisaukaskatti svo sem tryggingar og fólksflutningar.

Þar sem virðisaukaskattur á Íslandi er enn mun hærri heldur en efra þrep Evrópubandalagsins telja samtökin að heppilegra hefði verið sem fyrsta skref í samræmingaátt að byrja á því að breikka almenna gjaldstofninn og lækka um leið skatthlutfallið.

Með þessu hefði mátt leysa ýmis tæknileg vandamál við útfærslu virðisaukaskattsins þ.e. framkvæmd og eftirlit. Auk þess sem reikna má með betri skattskilum eftir því sem hlutfallið er lægra.

Samtökin gera tillögu um breytingu á 19. grein frumvarpsins og hljóði hún svo:

Við 2.mgr. 16.gr. laganna bætist nýr málslíður, er verður 2.másl., er orðast svo: Jafnframt er ráðherra heimilt að kveða á um í reglugerð að aðilar, sem kaupa notuð ökutæki til niðurrifs, endurbyggingar eða endursölu í atvinnuskyni, geti við kaup reiknað sér innskatt sem skráður er á sérstakan reikning og nemur 19,68% af kaupverði vörunnar.



Varðandi þessa tillögu til breytingar á 19. gr þá er um það að ræða að fella niður "af óskattskyldum aðilum" því slík kaup geta bæði verið af óskattskyldum og skattskyldum aðilum þar sem m.a. sala váttryggingafélaga á tónamunum sem þau hafa yfirtekið í tenglum við greiðslur skaðabóta er skattskyld vörusala. Einnig er oft ekki ljóst við kaup hvort t.d. tónabílar verða seldir sem varahlutir eða endurbyggðir þannig að eðilegt er að heimildir nái til þess einnig, svo og endursölu.

3. Tryggingagjald. Með niðurfellingu aðstöðugjalds var stigið stórt skref í þá veru að jafna aðstöðumun atvinnugreina hér á landi en mismunun í skattlagningu milli atvinnugreina hefur viðgengist um áratugaskeið. Með breytingum sem gerðar hafa verið á tryggingagjaldi á undanförunum misserum hefur enn á ný verið tekin upp sú stefna að mismuna atvinnugreinum. ÍSLENSK VERSLUN mótmælir harðlega því óréttlæti sem felst í slíkri mismunun á milli atvinnugreina og þeirri hugmyndafræði sem liggur að baki slíkum ákvörðunum. Það skatthlutfall tryggingagjalds sem frumvarpið gerir ráð fyrir mismunar atvinnugreinum um 123%, þessu til viðbótar fá sumar atvinnugreinar tryggingagjaldið endurgreitt. Vafasamt er að þessi mismunur fái staðist samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Samtökin líta á þennan mismun sem beinan styrk við tilteknar atvinnugreinar hér á landi.

4. Vörugjöld. ÍSLENSK VERSLUN ítrekar fyrri mótmæli sín við fyrirhugaða álagningu vörugjalda. Samtökin telja vörugjöldin íþyngja verslunarfyrirtækjum í samkeppni við fyrirtæki í nágrannalöndunum. Það er skoðun samtakanna að svo víðtæk álagning sem hér er fyrirhuguð hafi ígildi tolla og stangist því á við 10. gr. samningsins um Evrópskt efnahagssvæði um bann við álagningu tolla og annarra gjalda sem hafa samsvarandi áhrif. Þetta á ekki síst við í þeim tilfellum þar sem fyrirhugað er að leggja vörugjöld á innflutta vöru án þess að samsvarandi framleiðsla sé fyrir hendi innanlands.

Með vinsemd og virðingu,

ÍSLENSK VERSLUN

Jónas Þór Steinarsson,
framkvæmdastjóri BGS.

Stefán S. Guðjónsson,
framkvæmdastjóri FÍS.

Magnús E. Finnsson,
framkvæmdastjóri KÍ.